



vís

Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu
1. janúar – 30. júní 2021

Vátryggingafélag Íslands hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu

1. janúar - 30. júní 2021

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	2-3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9-14

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. ("félagið" eða "VÍS") fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS34. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingastarfsemi og fjárfestingum. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess Líftryggingafélags Íslands hf., sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður samstæðunnar á fyrstu sex mánuðum ársins 4.503 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samstæðunnar 60.716 milljónum króna og bókfært eigið fé nam í lok tímabilsins 18.943 milljónum króna.

Samsett hlutfall tímabilsins var 101,6%, tjónahlutfall var 81,8% og rekstrarkostnaðarhlutfall var 23,4%. Ávöxtun fjáreigna var jákvæð um 11,8% og ávöxtun eiginfjár var 25,5% á tímabilinu.

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 19. mars. Á fundinum var ný stjórn kosin. Í aðalstjórn voru kosin Stefán Héðinn Stefánsson, stjórnarformaður, Vilhjálmur Egilsson, varaformaður stjórnar, Guðný Hansdóttir, Marta Guðrún Blöndal og Valdimar Svavarsson. Sveinn Friðrik Sveinsson og Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir voru kosin í varastjórn félagsins.

Líkt og kynnt var í skýrslu stjórnar með árshlutauppgjöri fyrsta ársfjórðungs þessa árs hefur félagið breytt högun á upplýsingagjöf. Félagið gefur nú út horfur um samsett hlutfall ársins en hefur horfið frá afkomuspá um afkomu af fjárfestingareignum. Í afkomuspá sem gefin var út 19. apríl var gert ráð fyrir að samsett hlutfall ársins 2021 yrði 97% - 99%. Afkomuspá ársins er óbreytt eftir fyrstu sex mánuði ársins.

Stjórn samþykkti endurkaupaáætlun í samræmi við heimild hluthafafundar þann 4. febrúar, þar sem samþykkt var að kaupa að hámarki 17 milljónir hluta fyrir að hámarki 250 milljónir króna. Endurkaupaáætluninni lauk þann 18. mars en þá höfðu verið keyptir 16 milljónir hluta fyrir samtals 249 milljónir króna. Þann 19. mars samþykkti aðalfundur félagsins tillögu um heimild til kaupa á eigin hlutum. Þar segir að stjórn félagsins sé heimilt að kaupa allt að 10% af hlutafé þess á næstu 12 mánuðum að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Á þeim grundvelli hafði félagið keypt 43.462.192 hluti til viðbótar þann 30. júní eða alls 59.462.192 hluti. Félagið lauk svo framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar á þriðja ársfjórðungi 2021 með kaupum á 35 milljónum hluta til viðbótar og stendur hlutafé félagsins í 1.800 milljónum að því loknu.

Kórónuveirufaraldurinn hefur haft víðtæk áhrif á efnahagsumhverfið. Félagið varð fyrir nokkrum áhrifum þegar fyrirtæki í ferðaþjónustu drógu saman seglin og fækkuðu tryggingum sem voru í gildi. Ferðaþjónustan tók svo við sér þegar leið á sumarið og var farin að nálgast fyrra horf. Fækkun ferðamanna og minni umferð höfðu þau áhrif að færri tjón voru í umferðinni sem hafði jákvæð áhrif. Heildaráhrif kórónuveirufaraldursins á afkomu félagsins voru því óveruleg. Nokkur óvissa ríkir nú um framhald faraldursins en verði framvindan svipuð og undanfarin misseri er ekki talið líklegt að áhrifin verði umtalsverð á afkomu félagsins. Fjárhagsstaða félagsins er mjög sterk og félagið vel í stakk búið til að mæta þeirri óvissu sem nú ríkir.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Hlutfé og ráðstöfun hagnaðar

Skráð hlutfé félagsins nam í lok tímabilsins 1.894 milljónum króna (þar af eigin bréf 59 milljónir króna), og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Hluthafar félagsins voru 769 í lok tímabilsins en voru 709 í ársbyrjun. Um 57% (56% 1F) hluta eru í eigu lífeyrissjóða, 17% (16% 1F) í eigu annarra lögaðila, 4% (6% 1F) í eigu banka, 8% (8% 1F) í eigu einstaklinga og 14% (14% 1F) í eigu innlendra sjóða. Tillaga stjórnar um greiðslu arðs að fjárhæð 1.597 milljónir eða 0,85 á hlut, var samþykkt á aðalfundi félagsins og greiddi félagið arð til hluthafa þann 26.mars s.l.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningur Vátryggingafélags Íslands hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2021 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. júní 2021. Jafnframt er það álit okkar að samstæðuárshlutareikningurinn geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. hafa í dag farið yfir samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. ágúst 2021

Í stjórn

Stefán Héðinn Stefánsson
stjórnarformaður

Vilhjálmur Egilsson
varaformaður

Marta Guðrún Blöndal

Valdimar Svavarsson

Guðný Hansdóttir

Forstjóri

Helgi Bjarnason

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Vátryggingafélags Íslands hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021. Samandregni árs hlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 19. ágúst 2021

PricewaterhouseCoopers ehf.

Kristinn Freyr Kristinsson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2021

	Skýr.	2F 2021	2F 2020	6M 2021	6M 2020
Iðgjöld tímabilsins		5.649.203	5.640.751	11.169.214	11.198.327
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum		(186.451)	(210.665)	(354.646)	(397.905)
Eigin iðgjöld	6	5.462.752	5.430.086	10.814.568	10.800.422
Vaxtatekjur	7	134.344	135.259	317.064	303.452
Gengismunur gjaldmiðla		(9.600)	(38.481)	(17.506)	294.250
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	7	2.449.417	1.515.605	4.758.183	852.626
Fjárfestingatekjur		2.574.161	1.612.383	5.057.741	1.450.328
Aðrar tekjur		17.642	11.688	36.276	26.816
Heildartekjur		8.054.555	7.054.156	15.908.585	12.277.565
Tjón tímabilsins		(4.502.380)	(4.406.586)	(9.135.687)	(10.037.947)
Hluti endurtryggjenda í tjónum		590.155	90.157	754.244	144.624
Eigin tjón	8	(3.912.225)	(4.316.428)	(8.381.443)	(9.893.322)
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar vátryggingaskuldar		129.360	(226.671)	202.291	(649.257)
Rekstrarkostnaður		(1.386.973)	(1.416.754)	(2.816.406)	(2.791.274)
Vaxtagjöld		(95.034)	(82.989)	(166.870)	(136.599)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna		(5.353)	(14.537)	(33.184)	(46.147)
Heildargjöld		(5.270.225)	(6.057.380)	(11.195.612)	(13.516.600)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		2.784.331	996.776	4.712.974	(1.239.035)
Tekjuskattur	9	(185.800)	(81.033)	(210.285)	192.247
Hagnaður (tap) og heildarafkoma tímabilsins		2.598.531	915.743	4.502.689	(1.046.788)
Hagnaður (tap) á hlut:					
Hagnaður (tap) og þynntur hagnaður á hlut		1,40	0,51	2,42	(0,55)

Skýringar á blaðsíðum 9-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árs hlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 31. mars 2021

	Skýr	30.6.2021	31.12.2020
Eignir			
Rekstrarfjármunir		522.927	605.527
Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir		1.759.991	1.670.299
Húsaleiguréttindi		750.800	798.274
Skatteign		0	36.417
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	10	41.858.867	38.838.589
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur	10	1.345.978	1.437.894
Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka		1.693.866	1.621.832
Viðskiptakröfur		8.920.088	6.496.024
Endurtryggingaeignir		1.371.168	886.583
Aðrar kröfur		772.328	794.811
Handbært fé		1.720.264	1.575.825
Eignir samtals		60.716.278	54.762.076
Eigið fé			
Hlutfé		1.835.000	1.894.462
Lögbundinn varasjóður		625.620	625.620
Bundið eigið fé		9.506.074	5.455.207
Óráðstafað eigið fé		6.976.250	9.016.599
Eigið fé samtals		18.942.944	16.991.888
Skuldir			
Vikjandi skuldabréf	12	2.960.446	2.889.453
Tekjuskattskuldbinding		138.400	0
Húsaleiguskuldbinding		789.448	831.419
Vátryggingaskuld	13	33.639.379	30.072.968
Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka		1.693.866	1.621.832
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir		2.551.794	2.354.515
Skuldir samtals		41.773.334	37.770.188
Eigið fé og skuldir samtals		60.716.278	54.762.076

Skýringar á blaðsíðum 9-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar - 30. júní 2021

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
2020					
Eigið fé 1.1.2020	1.894.462	625.620	2.792.537	9.881.307	15.193.926
Tap tímabilsins				(1.046.788)	(1.046.788)
Bundið eigið fé vegna verðbréfa			988.049	(988.049)	0
Eigið fé 30.6.2020	<u>1.894.462</u>	<u>625.620</u>	<u>3.780.586</u>	<u>7.846.470</u>	<u>14.147.137</u>
2021					
Eigið fé 1.1.2021	1.894.462	625.620	5.455.207	9.016.599	16.991.888
Greiddur arður 0,85 kr. á hlut				(1.596.693)	(1.596.693)
Keyptir eigin hlutir	(59.462)			(895.478)	(954.940)
Hagnaður tímabilsins				4.502.689	4.502.689
Bundið eigið fé vegna verðbréfa			4.050.867	(4.050.867)	0
Eigið fé 30.6.2021	<u>1.835.000</u>	<u>625.620</u>	<u>9.506.074</u>	<u>6.976.250</u>	<u>18.942.944</u>

Skýringar á blaðsíðum 9-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Sjóðstreymisyfirlit fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2021

	6M 2021	6M 2020
Rekstrarhreyfingar		
Heildarhagnaður (tap) tímabilsins	4.502.689	(1.046.788)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(132.688)	(461.102)
Gangvirðisbreyting fjáreigna	(4.758.183)	(852.626)
Söluhagnaður rekstrarfjármuna	(1.864)	(1.176)
Afskriftir	353.766	287.355
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Fjáreignir, breyting	1.603.511	(2.125.572)
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, breyting	91.916	246.639
Viðskiptakröfur, breyting	(2.401.715)	(1.810.160)
Endurtryggingaeignir, breyting	(484.585)	28.690
Aðrar eignir, breyting	22.483	0
Tekjuskattskuldbinding, breyting	174.817	(192.247)
Vátryggingaskuld, breyting	3.566.411	4.248.454
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, breyting	174.930	875.171
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	2.711.491	(803.362)
Innborgaðar fjármunatekjur	436.835	593.086
Greidd fjármagnsgjöld	(95.878)	(93.740)
Handbært fé frá rekstri	3.052.449	(304.015)
Fjárfestingahreyfingar		
Keyptir rekstrarfjármunir	(13.613)	(30.326)
Seldir rekstrarfjármunir	16.658	8.770
Keyptar óefnislegar eignir	(294.866)	(240.794)
	(291.820)	(262.350)
Fjármögnunarahreyfingar		
Keyptir eigin hlutir	(954.940)	0
Greiddur arður	(1.596.693)	0
Höfuðstóls afborganir húsaleiguskuldar	(61.671)	(56.627)
	(2.613.304)	(56.627)
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	147.323	(622.992)
Handbært fé í upphafi árs	1.575.825	1.929.851
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(2.884)	4.615
Handbært fé í lok tímabilsins	1.720.264	1.311.475

Skýringar á blaðsíðum 9-14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Skýringar

1. Starfsemi

Vátryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, samstæðan eða VÍS, er hlutfélag og starfar á grundvelli laga nr. 100/2016 um vátryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Höfuðstöðvar félagsins eru í Ármúla 3, Reykjavík.

Árshlutareikningur samstæðu Vátryggingafélags Íslands hf. hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélags þess, Líftryggingafélags Íslands hf. (Lífis). Samstæðan starfar á sviði skáðatrygginga, líftrygginga og fjármála. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi samstæðunnar á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

2. Grundvöllur reikningsskila

Samstæðuarshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning hennar fyrir árið 2020.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins www.vis.is og á vef Kauphallar Íslands www.nasdaqomxnordic.com

Árshlutareikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundum þann 19. ágúst 2021.

Nýir reikningsskilastaðlar

Engir nýir reikningsstaðlar hafa verið innleiddir á árinu 2021.

Samstæðan hefur frestað upptöku IFRS 9 Fjármálagæringar til 2023 og mun taka hann upp samhliða upptöku IFRS 17 Vátryggingasamningar.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður og birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð samandregins árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar:

- fjáreignir; sjá skýringu nr. 10
- vátryggingaskuld; sjá skýringu nr. 13

Skýringar

5. Starfsþáttgreining

Samstæðunni er skipt í þrjá rekstrarstarfsþætti: Skaðatryggingarekstur, líftryggingarekstur og fjármálarekstur samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2021 var eftirfarandi:

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Iðgjöld tímabilsins	10.394.855	774.359	0	11.169.214
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	(211.320)	(143.326)	0	(354.646)
Fjárfestingartekjur	50.666	9.670	4.997.405	5.057.741
Aðrar tekjur	36.276	0	0	36.276
Heildartekjur	10.270.477	640.704	4.997.405	15.908.585
Tjón tímabilsins	(8.825.180)	(310.507)	0	(9.135.687)
Hluti endurtryggjenda í tjónum	650.903	103.341	0	754.244
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	0	0	202.291	202.291
Rekstrarkostnaður	(2.428.184)	(180.580)	(207.643)	(2.816.406)
Vaxtagjöld	0	0	(166.870)	(166.870)
Virðisrýmun viðskiptakrafna	0	0	(33.184)	(33.184)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	(331.984)	252.958	4.791.999	4.712.974
Tekjuskattur				(210.285)
Hagnaður tímabilsins				4.502.690

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 257 milljónir króna og í fjármálarekstri 1 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 308 milljónir króna og sala rekstrarfjármuna í skaðatryggingarekstri 17 milljónir króna.

Afkoma starfsþáttanna fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2020 var eftirfarandi:

	Skaðatrygginga- rekstur	Líftrygginga- rekstur	Fjármála- rekstur	Samtals
Iðgjöld tímabilsins	10.460.898	737.429	0	11.198.327
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	(248.044)	(149.861)	0	(397.905)
Fjárfestingartekjur	70.664	5.766	1.373.898	1.450.328
Aðrar tekjur	26.816	0	0	26.816
Heildartekjur	10.310.333	593.334	1.373.898	12.277.565
Tjón tímabilsins	(9.759.254)	(278.692)	0	(10.037.947)
Hluti endurtryggjenda í tjónum	54.965	89.660	0	144.624
Tæknilegar vaxta og gengisbreytingar vátryggingaskuldar	0	0	(649.257)	(649.257)
Rekstrarkostnaður	(2.402.273)	(176.229)	(212.772)	(2.791.274)
Vaxtagjöld	(0)	0	(136.599)	(136.599)
Virðisrýmun viðskiptakrafna	0	(0)	(46.147)	(46.147)
Rekstrarafkoma starfsþáttar	(1.796.230)	228.072	329.123	(1.239.035)
Tekjuskattur				192.247
Tap tímabilsins				(1.046.788)

Afskriftir rekstrarfjármuna og hugbúnaðar í skaðatryggingarekstri eru 194 milljónir króna og í fjármálarekstri 1 milljón króna. Fjárfestingar í hugbúnaði og í rekstrarfjármunum í skaðatryggingarekstri eru 271 milljónir króna og sala rekstrarfjármuna í skaðatryggingarekstri 9 milljónir króna.

Skýringar

6. Eigin iðgjöld

	6M 2021	6M 2020
Bókfærð iðgjöld	14.311.534	13.812.759
Hluti endurtryggjenda	(607.681)	(630.384)
Breyting á iðgjaldaskuld	(3.142.320)	(2.614.432)
Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld	253.035	232.479
Eigin iðgjöld.....	10.814.568	10.800.422

7. Fjárfestingatekjur

	6M 2021	6M 2020
Vaxtatekjur af bankareikningum	(299)	9.788
Aðrar vaxtatekjur	317.362	286.748
Fjármunatekjur.....	317.064	303.452
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa	3.664.327	(269.989)
Gangvirðisbreytingar annarra fjáreigna	1.093.856	1.122.614
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	4.758.183	852.626

Með gangvirðisbreytingu fjáreigna er talinn 134 (6M 2020: 70) milljóna króna arður af hlutabréfaeign.

8. Eigin tjón

	6M 2021	6M 2020
Bókfærð tjón	8.509.304	9.053.182
Hluti endurtryggjenda	(504.383)	(399.637)
Breyting á tjónaskuld	626.383	984.765
Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld	(249.861)	255.012
Eigin tjón.....	8.381.443	9.893.322

9. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn.

Virkt skatthlutfall:

	1. janúar - 30. júní 2021		1. janúar - 30. júní 2020	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	4.712.974		(1.239.035)	
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	942.595	20,0%	(247.807)	20,0%
Ófrádráttarbær kostnaður	4	0,0%	4	0,0%
Fenginn arður	(26.879)	-0,6%	(14.031)	1,1%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	(705.986)	-15,0%	68.029	-5,5%
Aðrar breytingar	552	0,0%	1.559	-0,1%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	210.285	4,5%	(192.247)	15,5%

Skýringar

10. Fjárfestingaverðbréf

Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur greinast þannig:	30.6.2021	31.12.2020
Eignarhlutar í öðrum félögum		
Skráð í innlendra kauphöll	9.785.014	9.820.160
Skráð í erlendum kauphöllum	824.287	205.675
Önnur félög	4.356.002	3.439.476
	14.965.303	13.465.311
Önnur verðbréf		
Ríkistryggð, verðtryggð	2.466.991	844.752
Ríkistryggð, óverðtryggð	5.707.066	4.495.899
Önnur skuldabréf	7.775.282	10.124.390
Skuldabréfasjóðir	7.734.372	6.949.927
Fagfjárfestjasjóðir	3.209.852	2.958.311
	26.893.563	25.373.279
Fjáreignir á gangvirði samtals	41.858.867	38.838.589
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur greinast þannig:		
Lán með veði í fasteignum	1.345.978	1.437.894
Fjárfestingaverðbréf	43.204.844	40.276.483

11. Stigskipting gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjáreignir, færðar á gangvirði, flokkaðar eftir verðmatsaðferð. Matsaðferðunum er skipt í þrjú stig sem endurspeglar mikilvægi þeirra forsendna sem lagðar eru til grundvallar við ákvörðun gangvirðis eignanna. Stigin eru eftirfarandi:

Stig 1: Gangvirðið byggir á skráðum verðum á virkum markaði fyrir samskonar eignir.

Stig 2: Gangvirðismatið byggir ekki á skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) heldur á upplýsingum sem eru sannreynanlegar fyrir eignina, annað hvort beint (t.d. verð) eða óbeint (t.d. afleiddar af verðum). Í stigi 2 eru færðar fjáreignir þar sem ekki er virkur markaður. Matið á eignunum ákvarðast af nýlegum viðskiptum ótengdra aðila eða kauptilboðum frá ótengdum aðilum. Einnig er stuðst við gangvirði annarra sambærilegra fjáreigna.

Stig 3: Gangvirðismatið byggir á mikilvægum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum. Við mat á fjáreignum sem falla undir stig 3 eru notuð gögn eins og verðmat frá rekstraráðilum fjárfestingar- og fagfjárfestjasjóða, söluréttur eða verðmat félagsins byggt á afkomu eða samanburði við sambærilegar fjáreignir.

Samstæða

30. júní 2021	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði	30.224.868	2.415.011	9.218.988	41.858.867

Samstæða

31. desember 2020	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir á gangvirði	28.607.208	1.883.448	8.347.933	38.838.589

Breytingar sem falla undir stig 3 á tímabilinu eru eftirfarandi:

	6M 2021	6M 2020
Staða 1.1.	8.347.933	7.077.248
Keypt	1.676.928	932.439
Selt/afborganir	(1.686.412)	(214.742)
Flutt á stig 1	0	(669.465)
Vextir, matsbreyting	880.539	(15.775)
Staða 30.6.	9.218.988	7.109.705

Skýringar

12. Víkjandi skuldabréf

Í lok febrúar 2016 gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 milljónir króna. Skuldabréfin tilheyra eiginfjárfætti 2 og teljast til gjaldþols félagsins. Þau bera fasta 5,25% verðtryggða vexti og eru til 30 ára með uppgreiðsluheimild og þrepahækkun á vöxtum upp í 6,25% 10 árum eftir útgáfu.

13. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld er ákvörðuð sem besta mat samkvæmt ákvæðum Solvency II löggjafarinnar.

	30.6.2021	31.12.2020
Vátryggingaskuld (heild):		
Iðgjaldaskuld	11.013.931	7.866.665
Tjónaskuld	21.657.024	21.261.047
Áhættuálag	968.425	945.256
Vátryggingaskuld samtals	33.639.379	30.072.968
Hlutdeild endurtryggjenda:		
Iðgjaldaskuld	394.857	141.822
Tjónaskuld	958.766	708.905
Hlutdeild endurtryggjenda samtals	1.353.623	850.727
Vátryggingaskuld í eigin hlut:		
Iðgjaldaskuld	10.619.074	7.724.843
Tjónaskuld	20.698.258	20.552.142
Áhættuálag	968.425	945.256
Vátryggingaskuld í eigin hlut samtals	32.285.757	29.222.241

Tjónaskuld er reiknað besta mat félagsins samkvæmt Solvency II löggjöfinni á fjárhæð óuppperðra tjónsatburða á uppgjörstigi sem hafa verið tilkynntir félaginu og einnig vegna tjónsatburða sem hafa átt sér stað á uppgjörstigi en ekki verið tilkynntir félaginu eða tilkynntir með ófullnægjandi hætti. Iðgjaldaskuld er mat á skuldbindingum vegna þess tímabils sem eftir er af gerðum vátryggingasamningum á uppgjörstigi.

Áhættuálag er mat á fjármagnskostnaði við að leggja til eigið fé til jafns við gjaldþolskröfu sem nauðsynleg er til að standa undir vátryggingaskuldbindingum á uppgjörstíma þeirra. Áhættuálagið kemur ekki til greiðslu nema félagið selji vátryggingastofn sinn eða hluta hans.

14. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar, eða félög í þeirra eigu, sem hafa umtalsverð áhrif á samstæðuna, beint eða óbeint. Tengdir aðilar eru stórir hluthafar, stjórnarmenn og nefndarmenn undirnefnda stjórnar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra, sem og aðilar sem er stjórnad af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila og stöður í efnahagsreikningi greinast þannig:

	1.1.-30.6.2021		30.6.2021	
	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Stjórn og lykilstarfsmenn	20.936	7.268	461.254	0
	1.1.-30.6.2020		31.12.2020	
	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Stjórn og lykilstarfsmenn	17.223	8.937	439.836	0

Skýringar

15. Atburðir eftir lok reikningskiladags

Engir atburðir hafa orðið eftir lok reikningskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á árshlutareikningnum.

16. Lykilhlutföll

	6M 2021	6M 2020
Tjónahlutfall	81,8%	89,6%
Eigið tjónahlutfall	77,5%	91,6%
Rekstrarkostnaðarhlutfall	23,4%	23,1%
Endurtrygginga kostnaðarhlutfall	-3,6%	2,2%
Samsett hlutfall	101,6%	114,9%
Gjaldþolshlutfall samstæðu	1,58	1,57

17. Ársfjórðungayfirlit

	2F 2021	1F 2021	4F 2020	3F 2020	2F 2020
Iðgjöld tímabilsins	5.649.203	5.520.011	5.562.108	5.735.362	5.640.751
Eigin iðgjöld	5.462.752	5.351.816	5.366.876	5.586.502	5.430.086
Fjárfestingartekjur	2.574.161	2.483.580	2.724.183	1.109.986	1.612.382
Aðrar tekjur	17.642	18.634	19.277	19.114	11.688
Heildartekjur	8.054.555	7.854.031	8.110.335	6.715.602	7.054.156
Tjón tímabilsins	(4.502.380)	(4.633.307)	(4.994.729)	(4.228.098)	(4.406.585)
Eigin tjón	(3.912.225)	(4.469.218)	(4.882.431)	(4.193.640)	(4.316.428)
Tæknilegar vaxta- og gengisbr. váttryggingask.	129.360	72.931	74.497	(83.298)	(226.671)
Rekstrarkostnaður	(1.386.973)	(1.429.433)	(1.446.786)	(1.175.550)	(1.416.754)
Virðisrýrnun viðskiptakrafna og vaxtagjöld	(100.387)	(99.667)	(152.749)	(111.251)	(97.527)
Hagnaður fyrir tekjuskatta	2.784.331	1.928.644	1.702.867	1.151.863	996.776
Tekjuskattar	(185.800)	(24.485)	109.695	(119.673)	(81.033)
Heildarhagnaður tímabilsins	2.598.531	1.904.158	1.812.561	1.032.190	915.743
Tjónahlutfall	79,7%	83,9%	89,8%	73,7%	78,1%
Eigið tjónahlutfall	71,6%	83,5%	91,0%	75,1%	79,5%
Rekstrarkostnaðarhlutfall	22,8%	24,0%	24,0%	18,8%	23,3%
Endurtryggingakostnaðarhlutfall	(7,2%)	0,0%	1,5%	2,0%	2,1%
Samsett hlutfall	95,3%	108,0%	115,3%	94,5%	103,5%